

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2021

Mars 2022



TALNAKÖNNUN HF.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Niðurstaða úttektar	3
Forsendur úttektar	5
Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur	7
Niðurstaða miðað við forsendur síðustu úttektar	7
Eignir, rekstur og endurmat.....	8
Tryggingagjaldið	9
Niðurlag.....	9
Söguleg þróun	10
Viðauki TAFLA 1.....	12
Viðauki TAFLA 2.....	13

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna athugað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við árslok 2021. Athugunin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins hafði umsjón með athuguninni, sem var unnin samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Benedikt er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hérlandra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Arnór Ingi Finnbjörnsson, stærðfræðingur hjá Talnakönnun, sá um stærstan hluta útreikninga.

Gögn um sjóðfélaga og lífeyrisþega voru fengin frá sjóðnum og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2021.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2021.

Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2021.

Lífeyrisþegar í desember 2021.

Áreiðanleiki gagnanna var ekki kannaðar að öðru leyti en með samanburði við gögn síðasta árs og tölur úr ársreikningi og virtist ágætis samræmi vera þar á milli.

Rétt er að leggja áherslu á að nú er í fyrsta sinn í athugun notaðar nýjar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga sem gera ráð fyrir því að dánartíðni fari lækkandi í framtíðinni. Miðað er við reynslu árin 1999 – 2018 við útreikning spárinnar. Töflurnar má finna á vefsvæði Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, actuaries.is. Þessi aðferð er líkleg til þess að sýna réttari niðurstöður til framtíðar lítið, en hún veldur því jafnframt að skuldbindingar sjóðsins reiknast nú talsvert hærrí en áður. Eins og áður er reiknað með sértæku álagi á lífslíkur út frá staðalforsendum, aðlagð m.v. reynslu sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á árunum 2014 – 2018.

Vegna þessara breytinga er samanburður þar sem útkoman er einnig sýnd miðað við eldri lífslíkur.

Einnig urðu breytingar á reglum um endurmat hlutabréfa og liðir vegna varúðarniðurfærslu hlutabréfa og núvirði fjárfestingagjalda hafa verið felldir brott í reglugerð 391/1998. Þessar breytingar hafa áhrif á niðurstöðuna árið 2021, en ekki árið á undan.

Niðurstaða úttektar

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og skuldbindingum vegna áunninna réttinda sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga (iðgjaldagreiðendur á árinu 2020) og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga vegna sömu sjóðfélaga, miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaðan sem miðast við árslok 2020. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í lok hvors árs. Niðurstaða úttektarinnar er að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 57.685 m.kr. eða um 3,5% af heildarskuldbindingum. Það er veikari staða en í árslok 2020 en þá var heildarstaða sjóðsins jákvæð um 140.665 m.kr. eða +10,9% og voru áunnin réttindi sjóðfélaga hækkuð um 10,0% í kjölfarið. Auk réttindahækkunarinnar skýrist veikari staða af innleiðingu nýrra lífslíka sem hækka skuldbindingar sjóðsins um 146,3 ma.kr. en m.v. óbreyttar lífslíkur við mat á skuldbindingum væri heildarstaða sjóðsins jákvæð um 201,5 ma.kr. eða +13,3%. Lífslíkurnar taka nú í fyrsta sinn mið af lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar og áhrif þeirra á mat á skuldbindingum sjóðsins eru skýrð nánar á bls. 8. Niðurstaða árið 2021 er miðuð við nýjar töflur, en árið 2020 er miðað við þær eldri.

Heildarstaða	2021	2020
Endurmetin eign	1.149.336.330	907.231.142
Framtíðariðgjöld	566.824.082	527.143.942
Heildareign	1.716.160.412	1.434.375.084
Lífeyrisskuldbindingar	1.628.850.563	1.293.709.658
Rekstrarkostnaður	29.624.306	0
Skuldbindingar alls	1.658.474.870	1.293.709.658
Eignir umfram skuldb.	57.685.543	140.665.426
Staða	3,5%	10,9%

Áfallin staða	2021	2020	Framtíðarstaða	2021	2020
Höfuðstóll	1.174.592.807	991.540.663	Núvirði framtíðariðgj.	566.824.082	534.496.933
Endurmat skuldabréfa	-25.256.477	-21.871.767	Rekstrarkostnaður	0	-7.352.991
Niðurfærsla hlutabr.*	0	-41.429.555			
Fjárfestingargjöld*	0	-15.638.620			
Rekstrarkostnaður*	0	-5.369.579			
Áfallin eign	1.149.336.330	907.231.142	Eign í framtíðarstöðu	566.824.082	527.143.942
Áfallnar lífeyrisskuldb.	1.010.331.296	771.597.239	Framtíðarlífeyrisskb.	618.519.268	522.112.419
Rekstrarkostnaður	13.631.511	0	Rekstrarkostnaður	15.992.795	0
Skuldbindingar alls	1.023.962.807	771.597.239	Skuldbindingar alls	634.512.063	522.112.419
Eignir umfram skuldb.	125.373.523	135.633.903	Eignir umfram skuldb.	-67.687.981	5.031.523
Staða	12,2%	17,6%	Staða	-10,7%	1,0%

*Liðir vegna varúðarniðurfærslu hlutabréfa og núvirði fjárfestingagjalda hafa verið felldir brott í reglugerð 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingarnar taka fyrst gildi í

tryggingafræðilegum úttektum fyrir stöðu sjóðanna í árslok 2021. Núvirði framtíðarrekrarkostnaðar telst nú með lífeyrisskuldbindingum í stað þess að koma til frádráttar á tryggingafræðilegri eign eins og áður. Breytingin kemur fram í reglum nr. 1625/2021 settar af Seðlabanka Íslands í desember 2021.

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldatekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubyrðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga.

Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 3,5% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og aldrei utan 10% marka.

Heildarlífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í árslok 2021 eru 1.658.475 m.kr. og hækkuðu um 336.404 m.kr. á árinu. Þar af eru 146.312 m.kr. vegna nýrra lífslíka sem liggja til grundvallar við mat á skuldbindingum. Helstu breytingar á árinu eru sýndar hér að neðan. Fyrir árið 2020 er búið að taka inn áhrif reglugerðarbreytinga sem áttu sér stað á árinu 2021. Fjárhæðir vegna ársins 2020 kunna því að vera frábrugðnar tölum sem birtar voru í tryggingafræðilegri athugun fyrir árslok 2020.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

Eignir	2021	2020
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	1.716.160.412	1.447.097.654
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	1.447.097.654	1.362.302.625
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	269.062.758	84.795.029
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	1.658.474.870	1.322.070.847
Skuldbindingar í ársbyrjun	1.322.070.847	1.255.109.745
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	336.404.022	66.961.102
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	-67.341.264	17.833.927

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

	2021	2020
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	776.966.818	710.001.139
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	64.954.859	49.855.514
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	35.758.949	33.457.506
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-21.965.137	-17.912.128
Breyting vegna 10% hækkunar áunninna réttinda á árinu	83.728.472	0
Hækkun vegna breyttra dánarlíka	76.656.995	0
Hækkun vegna breyttra örorkulíka	0	0
Breyting á núvirtum rekstrarkostnaði í áfallinni stöðu	8.261.932	851.840
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	-400.082	712.946
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	1.023.962.807	776.966.818

Forsendur úttektar

Ellilífeyrir

- Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 67 ára afmælisdegi eða næsta afmælisdegi sjóðfélaga, ef hann er eldri en 67 ára í árslok 2021.
- Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 67 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2021 samkvæmt réttindabókhalda sjóðsins. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
- 12,93% af hverri iðgjaldsgreiðslu upp að viðmiðunariðgjaldi sjóðfélaga gefur árleg áunnin réttindi til ellilífeyris frá og með 67 ára aldri og iðgjald umfram viðmiðunariðgjaldið gefur rétt samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins til framreiknings.

Örorkulífeyrir

- Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
- Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir hinn sami og áunninn ellilífeyrir og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 13. grein samþykka sjóðsins.
- Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
- Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma hækkar lífeyririnn (og kallast ellilífeyrir), ef örorkumatið var minna en 100%, og verður eins og örorkan hefði verið 100%.

Makalífeyrir

- Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
- Áunninn makalífeyrir er 60% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
- Makalífeyrir skal greiddur óskertur í þrjú ár frá andláti sjóðfélaga hið minnsta en þó alltaf óskertur meðan yngsta barn sjóðfélaga er 23 ára eða yngra og á framfæri sjóðfélaga.
- Makar sem eru fæddir 1. janúar 1925 eða fyrr fá ævilangan óskertan makalífeyri og þeir sem eru fæddir á árunum 1925 til 1945 fá skertan ævilangan makalífeyri skv. neðangreindri töflu, þegar önnur skilyrði gefa ekki hærra makalífeyri:

Fæðingardagur maka	
2.1.1925 - 1.1.1926	2% skerðing
2.1.1926 - 1.1.1927	4% skerðing
2.1.1927 - 1.1.1928	6% skerðing
2.1.1928 - 1.1.1929	8% skerðing
2.1.1929 - 1.1.1930	10% skerðing
2.1.1930 - 1.1.1931	14% skerðing
2.1.1931 - 1.1.1932	18% skerðing
2.1.1932 - 1.1.1933	22% skerðing
2.1.1933 - 1.1.1934	26% skerðing
2.1.1934 - 1.1.1935	30% skerðing
2.1.1935 - 1.1.1936	36% skerðing
2.1.1936 - 1.1.1937	42% skerðing
2.1.1937 - 1.1.1938	48% skerðing

2.1.1938 - 1.1.1939	54% skerðing
2.1.1939 - 1.1.1940	60% skerðing
2.1.1940 - 1.1.1941	68% skerðing
2.1.1941 - 1.1.1942	76% skerðing
2.1.1942 - 1.1.1943	84% skerðing
2.1.1943 - 1.1.1944	92% skerðing
2.1.1944 - 1.1.1945	100% skerðing

- Maki sjóðfélaga getur þó ávallt valið um hvort hann fær greiddan makalífeyri skv. framangreindum ákvæðum eða fái greiddan makalífeyri, sem jafngildir þeim verðbættu iðgjöldum, sem greidd hafa verið vegna sjóðfélagsins fram til ársloka 2014 en að frádregnum verðbættum örorku- eða ellilífeyri sem sjóðfélaginn kann að hafa notið. Mánaðafjöldinn, sem greiða skal makanum lífeyri samkvæmt þessari aðferð, fæst með því að deila í verðmæti iðgjaldanna, að frádregnum lífeyri sjóðfélagsins, með annars úrskurðuðum makalífeyri.
- Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

- Við andlát sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 20 ára aldri.
- Mánaðarlegur barnalífeyrir er 22.117 krónur á mánuði.
- Börn örorkulífeyrisþega eiga einnig rétt á bótum í hlutfalli við örorku. Fullur barnalífeyrir með hverju barni örorkulífeyrisþega er 22.117 krónur á mánuði.
- Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

- Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en það eru staðlaðar forsendur.
- Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2014 til 2018. Þetta er breyting frá stöðluðum lífslíkum skv. reglugerð 391/1998 en þar er miðað við reynslu þjóðarinnar 2014 – 2018 skv. tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðherra. Gert er ráð fyrir lækkanði dánartíðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfæðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021.
- Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2010 til 2014. Þetta er breyting frá stöðluðum örorkulíkum en þar er miðað við lífeyrissjóða á árunum 2011 – 2016 skv. reglugerðinni og tilkynningu ráðherra.
- Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum.

Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur

Töflurnar sýna niðurstöður athugunarinnar með samanburði við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur. Forsendur úttektar eru frábrugðnar staðalforsendum að því leyti að notaðar eru sérhæfðar lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga. Reynsla undanfarinna ára er sú að bæði dánar- og örorkutíðni sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna eru lægri en staðalforsendur gera ráð fyrir. Við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur væri heildarstaða sjóðsins 73.464 m.kr. veikari og væri neikvæð um 0,9%. Áfallnar skuldbindingar væru 17.786 m.kr. hærri og áfallin staða 1,9 prósentustigi veikari. Verðmæti heildarskuldbindinga vegna ellilífeyrisgreiðslna er 16.214 m.kr. lægra við staðlaðar forsendur, verðmæti örorkuskuldbindinga í heildarstöðu 72.041 m.kr. herra og núvirði væntra framtíðariðgjalda 13.711 m.kr. lægra.

Áfallin staða í árslok 2021	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
Höfuðstóll	1.174.592.807	1.174.592.807
Viðbót vegna endurmats	-25.256.477	-25.256.477
Hrein áfallin eign	1.149.336.330	1.149.336.330
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	1.010.331.296	1.028.161.455
Núvirði rekstrarkostnaðar	13.631.511	13.587.160
Áfallnar skuldbindingar	1.023.962.807	1.041.748.614
Eignir umfram skuldbindingar	125.373.523	107.587.716
Hlutfall af skuldbindingum	12,2%	10,3%

Heildarstaða í árslok 2021	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
Hrein áfallin eign	1.149.336.330	1.149.336.330
Framtíðariðgjöld	566.824.082	553.113.418
Heildareign	1.716.160.412	1.702.449.748
Lífeyrisskuldbindingar	1.628.850.563	1.688.603.822
Núvirði rekstrarkostnaðar	29.624.306	29.624.306
Heildarskuldbindingar	1.658.474.870	1.718.228.128
Eignir umfram skuldbindingar	57.685.543	-15.778.380
Hlutfall	3,5%	-0,9%

Niðurstaða miðað við forsendur síðustu úttektar

Skuldbindingar sjóðsins eru nú í fyrsta sinn metnar með spá um lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar. Spáin er gefin út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) og var hún samþykkt af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021. Nýju lífslíkurnar hafa umtalsverð áhrif á stöðu íslenskra lífeyrissjóða en í flestum tilvikum hækka áfallnar skuldbindingar sjóðanna um 7% - 9% við breytinguna. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í árslok 2021 hækka um 8,2% við innleiðingu nýrra lífslíka eða um 76.657 m.kr. Heildarskuldbindingar sjóðsins hækka un 9,9% eða um 143.312 m.kr. Staða sjóðsins, við óbreyttar lífslíkur frá síðustu tryggingafræðilegu athugun, væri jákvæð 13,3% eða um 201.453 m.kr. sem er

60.788 m.kr. sterkari staða en í árslok 2020 þegar heildarstaða sjóðsins var jákvæð um 10,9% eða um 140.665 m.kr.

Niðurstöður í árslok 2021	Forsendur úttektar	Óbreyttar forsendur	Breyting	
Áfallnar skuldbindingar:				
Elliskuldbinding	907.937.336	826.074.914	81.862.422	9,9%
Örorkuskuldbinding	70.573.410	70.094.046	479.364	0,7%
Makaskuldbinding	31.160.345	36.845.231	-5.684.886	-15,4%
Barnaskuldbinding	660.204	660.109	95	0,0%
Rekstrarkostnaður	13.631.511	13.513.393	118.118	0,9%
Samtals:	1.023.962.807	947.187.693	76.775.114	8,1%
Framtíðarskuldbindingar				
Elliskuldbinding	548.315.081	473.929.558	74.385.523	15,7%
Örorkuskuldbinding	52.397.249	51.802.569	594.681	1,1%
Makaskuldbinding	14.368.130	19.342.533	-4.974.403	-25,7%
Barnaskuldbinding	3.438.807	3.789.248	-350.441	-9,2%
Rekstrarkostnaður	15.992.795	16.110.913	-118.118	-0,7%
Samtals:	634.512.063	564.974.821	68.559.988	12,1%
Núvirði framtíðariðgjalda	566.824.082	564.279.602	3.041.432	0,5%

Eignir, rekstur og endurmat

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Reglur um endurmat eru óbreyttar frá fyrri árum.

Eignir og rekstur miða við ársreikning sem barst frá fjármálastjóra sjóðsins á vefgátt 29. jan 2021.

Skuldabréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það -25.256 m.kr eða -2,2% af bókfærðri eign. Rekstrarkostnaður sem kom til núvirðingar var krónur 1.263,0 m.kr. á ári og núvirði hans til 50 ára er 29.624 m.kr. Núvirtur rekstrarkostnaður vegna áfallinnar skuldbindingar er hlutfall reiknaðrar áfallinnar lífeyrisskuldbindingar af heildarskuldbindingu að viðbættum framtíðariðgjöldum og gefur það 13.632 m.kr.

Endurmataverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og endurmataverð þeirra reiknað hjá Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmataverðmætið frá sjóðnum.

Tryggingagjaldið

Alþingi samþykkti í desember 2006 lög um að hluti af tryggingagjaldi muni renna til lífeyrissjóða til að jafna örorkubyrði sjóðanna. Framlag hvers árs skal nema 0,325% af heildarlaunum allra landsmanna skv. reglugerð fjármálaráðherra. Þessu framlagi er skipt á milli allra lífeyrissjóða hlutfallslega að hálfu miðað við greiddan örorkulífeyri og að hálfu miðað við mismun reiknaðrar framtíðarörorkuskuldbindingar og 10% af samtals reiknuðum framtíðarskuldbindingum skv. niðurstöðum tryggingafræðilegra athugana.

Fjármálaráðaherra breytti þann 8. júlí 2010 reglugerð 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að lífeyrissjóðum er nú heimilt að setja ákvæði í samþykktir sínar um ráðstöfun þessa framlags. Ekkert slíkt ákvæði er í samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Niðurlag

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan er nú miðað við nýjar forsendur eins og áður hefur verið rakið og er um grundvallarbreytingu að ræða sem hefur áhrif til hækkunar á skuldbindingum lífeyrissjóðsins.

Nýjar lífslíkur með spá um lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar liggja í fyrsta sinn til grundvallar við mat á skuldbindingum sjóðsins. Áhrifin nýrra lífslíka koma greinilega fram í bæði áfallinni og framtíðarstöðu sjóðsins en við óbreyttar lífslíkur frá síðustu tryggingafræðilegri athugun væri áfallin staða 9,1 prósentustigum sterkari og framtíðarstaðan 10,5 prósentustigum sterkari en athuginin sýnir.

Framtíðarstaða sjóðsins, sem nú er -10,7%, er ekki sjálfbær og því nauðsynlegt að lækka aldursháðu réttindatöfluna svo hún byggi á nýju lífslíkunum. Það þýðir að ný réttindatafla þarf að vera um 6 – 7% lægri að meðaltali en núgildandi réttindatafla til að setja framtíðarstöðu aldursháðu réttindaávinnsunnar í jafnvægi. Með aldursháðu réttindaávinnslna í jafnvægi og áfallna stöðu sjóðsins óbreytta væri heildarstaða sjóðsins jákvæð um 6,0 – 6,5%. Það verður að teljast viðundandi staða í ljósi þess hve mikið mat á skuldbindingum hækkar við upptöku lífslíka með spá um lækkandi dánartíðni til framtíðar.

Gert í Reykjavík 18. mars 2022

TALNAKÖNNUN HF.




Benedikt Jóhannesson
Tryggingastærðfræðingur sjóðsins




Arnór Ingi Finnbjörnsson
Stærðfræðingur hjá Talnakönnun hf.

Söguleg þróun


Áfallin staða sjóðsins 2006 - 2021



Framtíðarstaða sjóðsins 2006 - 2021



Áfallin og framtíðarstaða sjóðsins



Fjórar breytingar hafa átt sér stað á áunnum réttindum sjóðfélaga frá árinu 2006. Í árslok 2006 voru öll áunnin réttindi hækkuð um 4,0% og árið eftir voru öll áunnin réttindi síðan hækkuð um önnur 7,0% til viðbótar. Á árinu 2010 voru öll áunnin réttindi lækkuð um 10,0% og kom lækkunin fyrst fram í tryggingafræðilegi athugun í árslok 2010. Á árinu 2021 voru öll áunnin réttindi í árslok 2020 hækkuð um 10,0%. Í grafinu hér fyrir ofan má bæði sjá sögulega áfallna stöðu og áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir hverja breytingu á áunnum réttindum fyrir sig. Ein breyting hefur orðið á réttindatöflu sjóðsins á þessu tímabili en núverandi réttindatafla tók gildi þann 1. janúar 2011. Nánari upplýsingar um breytingar á réttindum sjóðfélaga má finna í samþykktum sjóðsins.

Viðauki TAFLA 1
Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	20.757	354,6	37	515.046	25.097	20.542	1.627	562.313
Geymd réttindi	50.720	22,7	41	98.546	3.699	4.303	0	106.548
Ellilífeyrisþegar	5.347	134,2	74	88.343	0	4.534	0	92.877
Örorkulífeyrisþegar	1.213	86,3	55	11.998	10.799	436	0	23.233
Makalífeyrisþegar	680	37,0	74	0	0	1.256	0	1.256
Barnalífeyrisþegar	443	12,7	14	0	0	0	350	350
SAMTALS	79.160	118,3	42,4	713.934	39.595	31.072	1.978	786.578

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	24.353	276,4	37	498.587	51.927	7.236	1.811	559.561
Geymd réttindi	63.556	20,2	42	116.686	9.325	2.074	0	128.085
Ellilífeyrisþegar	9.323	79,8	74	101.889	0	1.343	0	103.232
Örorkulífeyrisþegar	3.390	61,5	55	25.156	22.124	320	0	47.601
Makalífeyrisþegar	997	67,2	76	0	0	3.483	0	3.483
Barnalífeyrisþegar	423	12,4	14	0	0	0	310	310
SAMTALS	102.042	88,6	44,5	742.319	83.376	14.457	2.121	842.273

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	45.110	312,4	37	1.013.634	77.024	27.778	3.439	1.121.875
Geymd réttindi	114.276	21,3	42	215.233	13.024	6.377	0	234.633
Ellilífeyrisþegar	14.670	99,7	74	190.232	0	5.878	0	196.109
Örorkulífeyrisþegar	4.603	68,0	55	37.154	32.923	756	0	70.834
Makalífeyrisþegar	1.677	55,0	75	0	0	4.739	0	4.739
Barnalífeyrisþegar	866	12,5	14	0	0	0	660	660
SAMTALS	181.202	101,6	43,6	1.456.252	122.971	45.528	4.099	1.628.851

(þús. kr.)

 Rekstrarkostnaður 29.624
SAMTALS **1.658.475**

 Bókfærð eign 1.174.593

 Endurmat skuldabréfa -25.256
Núverandi eign **1.149.336**

 Ókomin iðgjöld KARLAR 297.098

 Ókomin iðgjöld KONUR 269.726
Samtals **566.824**
Heildareign **1.716.160**
STAÐA **3,5%** **57.686**

Viðauki TAFLA 2
Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	20.757	128,7	37	237.907	8.091	9.764	0	255.762
Geymd réttindi	50.720	22,7	41	98.546	3.699	4.303	0	106.548
Ellilífeyrisþegar	5.347	134,2	74	88.343	0	4.534	0	92.877
Örorkulífeyrisþegar	1.213	86,3	55	11.998	10.799	436	0	23.233
Makalífeyrisþegar	680	37,0	74	0	0	1.256	0	1.256
Barnalífeyrisþegar	443	12,7	14	0	0	0	350	350
SAMTALS	79.160	59,0	42,4	436.794	22.588	20.294	350	480.026

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	24.353	99,0	37	227.412	16.536	3.646	0	247.594
Geymd réttindi	63.556	20,2	42	116.686	9.325	2.074	0	128.085
Ellilífeyrisþegar	9.323	79,8	74	101.889	0	1.343	0	103.232
Örorkulífeyrisþegar	3.390	61,5	55	25.156	22.124	320	0	47.601
Makalífeyrisþegar	997	67,2	76	0	0	3.483	0	3.483
Barnalífeyrisþegar	423	12,4	14	0	0	0	310	310
SAMTALS	102.042	46,3	44,5	471.143	47.985	10.867	310	530.305

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	45.110	112,7	37	465.319	24.627	13.410	0	503.355
Geymd réttindi	114.276	21,3	42	215.233	13.024	6.377	0	234.633
Ellilífeyrisþegar	14.670	99,7	74	190.232	0	5.878	0	196.109
Örorkulífeyrisþegar	4.603	68,0	55	37.154	32.923	756	0	70.834
Makalífeyrisþegar	1.677	55,0	75	0	0	4.739	0	4.739
Barnalífeyrisþegar	866	12,5	14	0	0	0	660	660
	181.202	51,9	43,6	907.937	70.573	31.160	660	1.010.331

(þús. kr.)

 Rekstrarkostnaður 13.632
SAMTALS **1.023.963**

 Bókfærð eign 1.174.593

Endurmat og kostnaður

Núverandi eign **1.149.336**

Ókomin iðgjöld KARLAR

 Ókomin iðgjöld KONUR 0
Samtals **0**
Heildareign **1.149.336**
STADA **12,2%** **125.374**